

**Viðauki nr. 4 við samkomulag
um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga**


Fjármálafyrirtæki sem geta tekið að sér að vera umsjónaraðilar sértækrar skuldaaðlögunar (hér eftir nefnd umsjónaraðili), skv. 6. gr. samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun, dags. 22. desember 2010 (hér eftir nefnt samkomulagið), gera með sér svohljóðandi samkomulag um framkvæmd og afgreiðslu umsókna um sértæka skuldaaðlögun.

1. Lántaki á rétt á að leggja fram beiðni um heimild til að leita sértækrar skuldaaðlögunar, sbr. 7. gr. samkomulagsins. Umsóknareyðublað skal vera aðgengilegt á vefsvæði umsjónaraðila, ásamt upplýsingum um þau gögn sem þurfa að fylgja umsókn. Umsóknin skal innihalda umboð til umsjónaraðila til að afla gagna, sem eru aðgengileg í upplýsingakerfum fjármálastofnana, sem þurfa að fylgja umsókn og skal umsjónaraðili þá afla þeirra. Senda skal lántaka skriflegt svar, sbr. töluliði 2-4, við umsókn innan 3ja vikna frá því að rétt útfylltri og undirritaðri umsókn hefur verið skilað til umsjónaraðila ásamt öllum umbeðnum fylgigögnum og umboði sé um það að ræða.
2. Ef umsókn um skuldaðlögun er hafnað af umsjónaraðila, skal lántaki fá skriflegan rökstuðning fyrir ákvörðuninni þar sem fram kemur á hvaða forsendum umsókn er hafnað. Niðurstaða greiðslumats skal fylgja með svarinu.
3. Sé það niðurstaða umsjónaraðila að lántaki uppfylli ekki skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar heldur dugi vægari úrræði, skal koma fram í skriflegu og rökstuddu svari hvaða úrræði eru í boði fyrir lántaka hjá umsjónaraðila. Einnig skulu koma fram ábendingar / tillögur um vægari úrræði hjá öðrum kröfuhöfum eigi vægari úrræði að koma í stað sértækrar skuldaaðlögunar.
4. Sé það niðurstaða umsjónaraðila að lántaka dugi hvorki vægari úrræði eða sértæk skuldaaðlögun skal í svari leiðbeina lántaka að leita til umboðsmanns skuldara.


Verklag við framkvæmd og afgreiðslu umsóknar, eins og mælt er fyrir um í viðauka þessum, skal hefjast eigi síðar en 31. desember 2011.

Reykjavík, 12. desember 2011

Arionbanki



Íslandsbanki




Landsbankinn



MP- banki



Samband íslenskra sparisjóða (SÍSP)



Skv. umboði stjórnar SÍSP